

Borholur í Suðureyrarhreppi (4706)



Haukur Jóhannesson

Unnið fyrir Orkustofnun

Greinargerð JHJ-2013/030


Nóvember 2013

Inngangur


Í þessari greinargerð eru upplýsingar um staðsetningu og ljósmyndir af borholum í Suðureyrarhreppi hinum forna að frátöldum kaldvatnsholum sem eru komnar undir mannvirki í þorpinu sjálfu. Auk þess eru fimm mannvirkja holur í Botni sem tengjast Breiðadalsgöngum. Í 1. töflu eru upplýsingar um borholurnar og á 1., 2., 3. og 4. mynd eru sýndar staðsetningar þeirra.

1. tafla. Upplýsingar um borholur í Suðureyrarhreppi.


Staðarnúmer	Borhola	Lögbýli	Dýpi	Borár	N-hnit	V-hnit
39101	LA-01	Laugar	15,5m	1967	66° 06.678	23° 27.569
39102	LA-02	Laugar	684	1975/1976	66° 06.678	23° 27.569
39103	LA-03	Laugar	521	1981	66° 06.771	23° 27.908
39104	LA-04	Laugar	405,1	1982	66° 06.623	23° 27.481
39105	LA-05	Laugar	1141,5	1984/1985	66° 06.616	23° 27.473
39111	SD-01	Staður	8,5	1967	66° 06.852	23° 33.329
39121	SE-01	Suðureyri	8	1967		
39122	SE-02	Suðureyri	8,5	1967		
39123	SE-03	Suðureyri	8	1967		
39131	BR-01	Botn	87,7	1989	66° 04.238	23° 19.271
39134	BR-04	Botn	100	1989	66° 04.193	23° 18.859
39135	BR-05	Botn	90,6	1990	66° 04.287	23° 18.991
39136	BR-06	Botn	23,4	1990	66° 04.305	23° 19.113
39137	BR-07	Botn	220,6	1990	66° 03.887	23° 19.236




1. mynd. Staðsetningar borholna í Súgandafirði



2. mynd. Staðsetning borholna á Laugum í Ségandafirði.



3. mynd. Staðsetningar mannvirkjaholna í Botni.



4. mynd. Staðsetningar mannvirkjaholna í Botni.

LA-01 - Laugar

Borhola LA-01 er horfin en hún var fáeina metra innan við borholu LA-02.

LA-02 - Laugar


Borhola LA-02 er í ytri skúrnum sem er ofan þjóðveggar við Laugar. Í holunni er dæla og hún notuð fyrir hitaveituna á Suðureyri (5. mynd).



5. mynd. Borhola LA-02 á Laugum er inni í skúrnum. Borhola LA-01 var rétt innan við skúrinn. Borhola LA-05 er í skúrnum fjær.

LA-03 - Laugar


Borhola LA-03 er liðlega 400 metrum utar í hlíðinni en hola LA-02 og um 70 metra ofan þjóðvegur. Slóði er að holunni innan frá og plan í kringum hana. Holan er í góðu ásigkomulagi (6. mynd).




6. mynd. Borhola LA-03. Borhola LA-02 er í skúrnum í baksýn.

LA-04 - Laugar

Borhola LA-04 er um 120 metrum innar en hola LA-02 og um 15 metrum utan við holu LA-05. Holan er í utanverðu planinu sem þarna er. Hattur er á holunni en fódurrörinu hallar nokkuð og hætt við að hún sé í slöku standi (7. og 8. mynd).



7. mynd. Borhola LA-04 á Laugum. Borhola LA-02 eru í skúrnum fjær.



8. mynd. Borholur LA-05, LA-04 og LA-02 á Laugum.

LA-05 - Laugar

Borhola LA-05 er í skúr um 140 metrum innan við holu LA-02. Holan var notuð áður fyrir hitaveituna á Suðureyri en hún er nú biluð (8. og 9. mynd)



9. mynd. Borhola LA-05 er inni í skúrnum.

SD-01 - Staður

Borhola SD-01 á Stað í Súgandafirði er á graseyri niður við Vatnadalsá við ármótin við Þverá. Holan er um 380 metra suðaustur frá Staðar-bænum. Holan er opin. Hún var boruð til að afla neysluvatns fyrir Suðureyri en hefur aldrei verið notuð (10. mynd).



10. mynd. Borhola SD-01 á Stað í Súgandafirði. Bær í Súgandafirði er í hlíðinni á móti.